„MÚSIKALSKASTI MÁLARINN"

Með Braga á Kjarvalsstöðum

Bragi Ásgeirsson gengur með mér um sali Kjarvalsstaða og segir frá myndunum sínum. Hann byrjar í austursalnum, þar sem hanga elstu myndirnar, allt frá árinu 1947.


„Þetta eru módel, sem ég gerði í skólanum og frá því ég var hjá Jóni Engilberts um 1950. Þessar myndir hef ég aldrei sýnt áður." Hlær. „Þær þóttu nú hneyksli í þá daga, en nú orðið eru þær saklausar, heldurðu það ekki?" Horfir á 20 ára gamlar myndir og vill ekkert segja um það, hvernig honum finnast þær núna, eftir mörg kaflaskipti í ferlinum. Segist bara hafa orðið mest hissa á hvað hann hafi málað mikið. „Mér hefur alltaf fundist að Kjarvalsstaðir væru svo óskaplega stórt hús, en nú er ég alveg að sprengja það utan af mér." Hér eru líklega um 300 myndir og ein stærsta einstaklingssýning, sem haldin hefur verið hérlendis — ef ekki sú stærsta.

„Með því að halda yfirlitssýningu, sprengi ég tvo þætti. Í fyrsta lagi eru það ekki bara gamlir menn, sem sýna yfirlit verka sinna og í öðru lagi þarf ekki stóran hóp til að skipuleggja svona mikla sýningu. Að mestu leyti hef ég gert þetta aleinn, sonur minn Fjölnir Geir hefur verið minn aðstoðarmaður."

Við nemum staðar í kaffistofunni, setjumst og horfum á myndirnar við Áfanga Jóns Helgasonar. Kemur saman um að Jón sé mikill maður. Jón Stefánsson listmálari var það líka. Hann flæktist inn í viðtalið þegar Bragi veltir fyrir sér spurningunni hvort hann sé ánægður þegar hann lítur um öxl.

— „Jón Stefánsson var aldrei ánægður. Við vorum góðir vinir og hann sagði mér hvernig hann gréti stundum yfir því hvað hann málaði illa. Jón var iðulega að laga myndirnar sínar til svo árum skipti. Ánægður — maður getur aldrei verið ánægður, þá hættir maður að leita, þetta verður að vera barátta. Mér finnst furðulegt hvað ungu mennirnir þykjast geta verið ánægðir, það er ekki góðs viti."

Augljóst samhengi við gagnrýnina, sem Bragi hefur skrifað. Síðan hvenær? „Allt frá 1966. Maður lærir mikið af að skrifa gagnrýni. Það er erfitt. Og oft tekur fólk hana nærri sér. En það má ekki taka gagnrýni sem endanlegan dóm. Þetta er bara rökræða. Það vantar meiri rökræðu í gagnrýnina hér.



Fámennið gerir erfiðara fyrir. En það er skrýtið að útlendingar mega segja allt, en þegar einhver hér heima skrifar, getur allt farið á annan endann.

Snúum okkur aftur að málaranum Braga. Ætlaði hann alltaf að verða listamaður?

Pabbi vildi að ég yrði stúdent. Hann var í Menntaskólanum með Laxness og Tómasi. Hann féll líka, gat ekki haldið áfram því hann hafði ekki efni á því. Þá ákvað hann að börnin hans skyldu verða stúdentar í staðinn. En þá var mig farið að langa í Myndlistarskólann og því varð ekki breytt. Ég hef ekki önnur próf en barnapróf úr Heyrnleysingjaskólanum.

Bragi missti heyrnina 9 ára gamall — „eftir veikindi, voðalega veiki sem sumir dóu úr, aðrir urðu blindir. Sumir misstu heyrn á öðru eyra, við vorum nokkrir sem misstum hana alveg. Ég var heppinn að missa ekki annað en heyrnina." Hann les af vörum viðmælenda sinna. Heyrir ekki í myrkri. Ljósið hlýtur að vera honum mikils virði. Hefur þessi fötlun haft áhrif á myndirnar hans? „Ég veit það ekki, hef eiginlega aldrei hugsað út í það. Mér hefur verið sagt að þær séu tónrænar. Amerískur gagnrýnandi, sem kom hingað 1957 og skoðaði mikið af íslenskum myndum, sagði mér að ég væri músikalskasti málarinn. Ég var músikelskt barn."

Grafíkmyndir, aðallega raderingar, hanga á ganginum og Bragi talar um grafík, um aðstöðuna hér. „Mig hefur oft langað til að fara og vinna í útlöndum. Á Listaháskólanum í Höfn er höggmyndadeild, þar sem hægt er að vinna í öll hugsanleg efni, plast, málm — allt sem hugurinn girnist. Það eru sérfræðingar á hverju sviði sem leiðbeina. Hér er ekkert slíkt fyrir hendi. Myndlistarskólinn hefði þurft að vera stofnaður 30 árum fyrr."

En Bragi hefur verið mikið erlendis. Fyrst við nám, í Höfn, — „Það er oft sagt að Oslo sé leiðinleg borg en mér leiddist ekki þar. Hún er kannske leiðinleg fyrir þá sem koma til að skemmta sér, en ekki fyrir þá sem vilja vinna. Þar leið mér vel." Og München. Þar var Bragi í tvö ár, fékk styrk frá Sambandslýðveldinu í eitt ár, sem var framlengdur. „Ég hefði getað verið lengur en þá gifti ég mig. Franskur kennari, sem ég hafði þar, bauð mér að fara til Parísar og vinna á fullkomnu verkstæði. En það er ekki hægt að vera í útlöndum með fjölskyldu. Ég var ekki nógu eigingjarn" bætir hann við og brosir. En verða ekki listamenn að vera eigingjarnir? „Jú, hér á Íslandi þurfa þeir að vera eigingjarnir. Þetta er endalaus barátta. Kannske verður þetta að vera barátta, svo maður haldi áfram að berjast við óánægjuna." Ms

REGNBOGINN
☎ 19 000

salur A

Blóðhefnd Dýrlingsins.
Hörkuspennandi litmynd, um lífleg ævintýri „Dýrlingsins" með hinum eina rétta dýrling **Roger Moore.**
Endursýnd kl. 3- 5-7-9 og 11,

salur B

Sólarlandaferðin
Hin frábæra sænska gamanmynd, ódýrasta Kanarieyjaferð sem völ er á.
Sýnd kl. 3.05, 5.05, 7.05, 9.05, 11.05.


salur C

Mannsæmandi líf
Áhrifarík og athyglisverð ný sænsk litmynd, sönn og óhugnanleg lýsing á hinu hrikalega eiturlyfjavandamáli. Myndin er tekin meðal ungs fólks í Stokkhólmi, sem hefur meira og minna ánetjast áfengi og eiturlyfjum, og reynt að skyggnast örlítið undir hið glæsta yfirborð velferðarríkisins.
Bönnuð innan 12 ára
íslenskur texti
Sýnd kl. 3.10, 5.10, 7.10, 9.10, 11.10.

salur D

LAND OG SYNIR
Stórbrotin íslensk litmynd, um íslensk örlög, eftir skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar.
Leikstjóri: Ágúst Guðmundsson.
Aðalhlutverk: Sigurður Sigurjónsson, Guðný Ragnarsdóttir, Jón Sigurbjörnsson.
Sýnd kl. 3.15, 5.15, 7.15, 9.15, 11.15.

AUSTURBÆJARBÍÓ
Sími 11384
Bardaginn í Skipsflakinu
(Beyond the Poseidon Adventure).



Æsispennandi og mjög viðburðarík, ný, bandarísk stórmynd í litum og Panavision.
Aðalhlutverk: Michael Caine, Sally Field, Telly Savalas, Karl Malden.
Ísl. texti.
Bönnuð innan 12 ára.
Sýnd kl. 5, 7.10 og 9.15.



VERÐLAUNAGRIPIR
OG FÉLAGSMERKI
Framleiði alls konar verðlaunagripi og félagsmerki. Hefi ávallt fyrirliggjandi ýmsar stærðir verðlaunabikara og verðlaunapeninga einnig styttur fyrir flestar greinar íþrótta.
Leitið upplýsinga.
Magnús E. Baldvinsson
Laugavegi 8 – Reykjavík – Sími 22804

LAUGARÁS BÍÓ
Sími 32075
Caligula
MALCOLM McDOWELL
PETER O'TOOLE
Sir JOHN GIELGUD som „NERVA"



CALIGULA
„EN TYRANS STORHED OG FALD"
Strengt forbudt for børn.
CONSTANTIN FILM

Þar sem brjálæðið fagnar sigrum nefnir sagan mörg nöfn. Eitt af þeim er Caligula. Caligula er hrottafengin og djörf en þó sannsöguleg mynd um rómverska keisarann sem stjórnaði með morðum og ótta. Mynd þessi er alls ekki fyrir viðkvæmt og hneykslunargjarnt fólk. Íslenskur texti.

Aðalhlutverk:
Caligula . Malcolm McDowell
Tiberius ..... Peter O'Toole
Drusilla .. Teresa Ann Savoy
Caesonia ..... Helen Mirren
Nerva ..... John Gielgud
Claudius . Giancarlo Badessi

Sýnd daglega kl. 5 og 9

Laugardaga og sunnudaga kl. 4-7 og 10 Stranglega bönnuð innan 16 ára.

Nafnskírteini.

Hækkað verð.


TILKYNNING

Vekjum athygli viðskiptavina okkar á því að vörur, sem liggja í vörugeymslum okkar, eru ekki tryggðar af Eimskip gegn bruna, frosti eða öðrum skemmdum og liggja þar á ábyrgð vörueigenda.

Athygli bifreiðainnflytjenda er vakin á því að hafa frostlög í kælivatni bifreiðanna.

EIMSKIP
Sími: 27100.

Vissir þú að
Húsgagnahöllin
býður mesta úrval unglingahúsgagna á lægsta verði og á hagkvæmustu afborgunar kjörunum?



Húsgagnahöllin
Bíldshöfða 20, Reykjavík
Símar: 81410 og 81199